



Innra mats skýrsla

Innra mat

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Dagsetning 12. júní 2026

Skýrsluhöfundar: Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, Ragna Berg Gunnarsdóttir, Sigríður Birna Birgisdóttir og Vígðís Unnur Pálsdóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat	3
Niðurstöður mats.....	4
Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll	4
Innra mat.....	5
Umbótaáætlun/aðgerðaáætlun næsta skólaárs.....	5
Innra mat.....	5
Skipulag.....	1
Framkvæmd.....	1
Umbætur.....	2



Inngangur

Markmið gæðaráðs Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) er að skólinn bæti stöðu sína kerfisbundið frá ári til árs. Mikilvægast er að matið á því hvort að viðmið og vísbendingar séu til staðar leiði til umbóta.

Á skólaárinu sem er að líða var starfrækt virkt gæðaráð sem tók gæðamálin í sínar hendur og fundaði reglulega í vetur á skipulags og vinnufundum.

Þessi skýrsla staðfestir þá stöðu sem matið leiddi af sér. Við erum spennt að takast á við umbæturnar á næsta skólaári og að vinna að bættum gæðaprófil skólans.

Vorið 2025 var kynnt nýtt fyrirkomulag um samræmdar aðferðir um framkvæmd innra mats í skólum Árborgar. Því er skipt í fimm þætti:

- Stjórnun og fagleg forysta
- Nám og kennsla
- Innra mat
- Læsi
- Sérstök viðmið sveitarfélags

Skólaárið 2025-2026 var ákveðið að byrja á þættinum innra mat og honum gerð skil. Á næstu skólaárum verða næstu þættir teknir fyrir samkvæmt langtímaáætlun.

Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat

Skólaárið 2025-2026 voru fjórir fulltrúar í gæðaráði Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, þeir voru:

- Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir skólastjóri
- Ragna Berg Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri
- Sigríður Birna Björnsdóttir fulltrúi kennara
- Vigdís Unnur Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna

Lagt er til að á næsta skólaári verði einum fulltrúa kennara bætt við þannig að fulltrúi kennara á báðum starfsstöðvum eigi sæti í gæðaráði og og auk þess verði fulltrúi stjórnar foreldrafélags og fulltrúi nemendaráðs boðaðir á fund eftir inntaki funda.

Teymið fundaði reglulega á vorönn 2026. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. - 10. bekk einu sinni yfir árið og foreldrakönnun var lögð fyrir á vormánuðum en hún er lögð fyrir annað hvert ár. Moodup kannanir fyrir starfsfólk voru lagðar fyrir í litlum skömmtum fjórum sinnum yfir árið. Á skólaárinu tók við nýr matsferill sem inniheldur Lesfimi- og stuðningspróf og svo Stöðu- og framvindupróf sem leggja skal fyrir 4., 6. og 9. bekk en í BES var ákveðið að leggja fyrir 4. - 9. bekk. Tekin voru starfsmannasamtöl og þau nýtt til að leggja mat á skólastarfið.



Niðurstöður mats

Í niðurstöðu hvers kafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig gengið hefur að ná þeim fram.

Gögn - niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar. Matið sjálft fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræddar verða niðurstöður og bornar saman við viðmiðin.

Matsviðmiðin eru eftirfarandi:

- **Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- **Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi** en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- **Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti**, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- **Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll

Aðeins var metið hvernig gengi með liðinn innra mat og því eru aðrir liðir ólitaðir.

Stjórnun og fagleg forysta	Nám og kennsla	Innra mat	Læsi
Samvirkni í stefnumótun	Inntak og námskrá	Skipulag	Málþroski
Faglegt samstarf og samræða	Árangur náms	Framkvæmd	Lestur
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Gæði kennslu	Umbætur	Ritun
Umbætur og innleiðing breytinga	Skipulag náms		Fjölmennning
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Námsvitund		Félags- og samfélagslæsi
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Ábyrgð og þátttaka		Heilsulæsi
Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks			Umhverfislæsi og sjálfbærni
			Vísinda- og talnalæsi
			Lista- og menningarlæsi
			Upplýsinga- og miðlalæsi



Innra mat

Þetta fyrsta skólaár sem unnið er eftir nýju verklagi var matið fyrst og fremst byggt á reynslu og þekkingu aðila í Gæðaráðinu.

Viðhorf til innra mats er nokkuð jákvætt í BES og skólinn kominn af stað í að meta sig en setja þarf markmið með skýrum hætti í langtímaáætlun.

Umbótaáætlun hefur verið unnin á kerfisbundinn hátt.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Helstu umbætur næsta árs hvað varðar innra mat:

- Endurskoða fundaáætlun gæðaráðs og setja fleiri gæðamál á almenna kennarafundi.
- Setja fram langtímaáætlun um innra mat.
- Gera fundaáætlun fyrir allt skólaárið.
- Úthluta verkefnum á fyrsta fundi gæðaráðs (stjórnandi, ritstjóri fyrir skýrslur, ritari fundargerða og prófarkalesarar).

Umbótaáætlun/aðgerðaáætlun næsta skólaárs

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli og **þá er miðað við að allir þætti sem ekki ná mjög góðu verklagi** fara í umbótaferli. Umbætur geta varað í nokkra mánuði og allt upp í tvö, jafnvel þrjú ár. Mikilvægt er að umbótum séu sett viðmið um árangur, ábyrgðaraðila og aðgerða tímabilið sé skilgreint.

Innra mat

Eftir að hafa safnað gögnum með Skólapúlsinum og Moodup í apríl 2026 fundaði gæðaráð og valdi átta þætti til að setja á oddinn í umbótum fyrir komandi skólaár, auk niðurstaða gæðaviðmiða Innra mats. Þessir þættir voru:

1. Mat á kennslu, kennsluháttum og fagmennsku kennara
2. Markmið og stefna BES sé skýrari og markvissari og metin reglulega
3. Eftirfylgni innra mats, umbóta og þróunaráætlun
4. Allir hagsmunaaðilar hafi aðkomu að innra mati
5. Innra og ytra mat sé kynnt helstu hagsmunaaðilum og rætt
6. Áætlanir um umbætur bornar undir skólaráð með markvissum hætti
7. Umbótum kerfisbundið fylgt eftir
8. Samstarf við skólapjónustu, skipulag og mat á árangri

Niðurstöður skólapúls (nemendakannanir og foreldrakönnun) hafa verið kynntar fyrir skólaráði BES og á starfsmannafundi innan skólans.



Skipulag

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Mat á kennslu, kennsluháttum og fagmennsku kennara	Bæta þarf Moodup starfsmannakönnun þannig að hún styðji við þennan þátt	Gæðaráð, mannauðsdeild Árborgar	Ágúst 2026		Kannanir	Að mat fari reglulega fram
Markmið og stefna BES sé skýrari og markvissari og metin reglulega	Fara þarf reglulega yfir markmið og stefnu BES, vera sýnileg og fylgja eftir mati.	Gæðaráð og stjórnendur BES	Ágúst 2026		Kaffihúsafundur, kannanir	Þegar markmið og stefna eru orðin sýnileg. Starfsfolk öruggt
Eftirfylgni innra mats, umbóta og þróunaráætlun	Að setja vörður á fundarúllu starfsfólks	Gæðaráð og stjórnendur BES	Ágúst 2026		Kaffihúsafundur, kannanir	Að umbóta- og þróunaráætlun sé sýnileg

Framkvæmd

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Allir hagsmunaaðilar hafi aðkomu að innra mati	Að ráð- og nefndir komi að framkvæmd innra mats. Aðkoma foreldra og nemenda.	Gæðaráð og stjórnendur	Sept 2026		Kynningafundur	Fundagerðir



Umbætur

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Innra og ytra mat sé kynnt helstu hagsmunaaðilum og rætt	Kynnt skólaráði og á skólaþingi	Gæðaráð og Stjórnendur	Feb 2027	Jún 2027	Sjálfsmatsskýrsla	Fundagerðir
Áætlanir um umbætur bornar undir skólaráð með markvissum hætti	Fundað með skólaráði	Gæðaráð og stjórnendur	Októ ber 2026	Mái 2027	Samtal við hagsmunaaðila	Fundagerðir
Umbótum kerfisbundið fylgt eftir	Á fundum gæðaráðs og á reglubundnum fundum með starfsfólki	Gæðaráð og stjórnendur	Haut 2026		Kannanir, kaffihúsafundir	Fundagerðir
Samstarf við skólaþjónustu, skipulag og mat á árangri	Kannanir og samtöl við þjónustuþega	Stjórnendur og skólaþjónusta	Haut 2026		Kannanir, kaffihúsafundir	Fáum niðurstöður úr könnunum